

## 5. Fundur skólaráðs 28.1.2015.

Fundur settur kl. 8:10 í fundarherbergi Víðistaðaskóla.

Mættir: Elísa Vigfúsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra var forfallaður, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, fulltrúi nemenda, Sindri Blær Gunnarsson, fulltrúi nemenda komst ekki, Sverrir Kr. Kristinsson, fulltrúi kennara, Helga Ágústsdóttir, fulltrúi kennara, Freyja Guðlaugsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Anna Kristín Jóhannesdóttir aðstoðarskjólastjóri, Anna María Skúladóttir, aðstoðarskólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri.

## Dagskrá

1. Símenntunaráætlun skólans.  
Hrönn skólastjóri kynnt símenntunaráætlun skólans. Hrönn fór yfir hvaða námskeið eru í gangi og sagði m.a. frá comeniusarstyrk sem nokkrir kennarar fengu.
2. Samræmdu prófin. Hrönn kynnt niðurstöður samræmdu prófanna haustið 2014. Ánægja er með niðurstöður skólans.
3. Skólapúlsinn. Hrönn kynnti niðurstöður úr síðustu könnun. Við vorum undir í flestum þáttum í fyrra en erum komin einu stigi ofar núna. Eineltið er líka aðeins yfir og er það ekki nógu gott en betra en í fyrra. Þarf að skoða það betur. Samband nemenda við kennara og agi í tímum þarf að skoða það betur og leita leiða til að bæta úr. Sjáum að samstillt átak í lestri og heimavinnu var ekki nógu gott og er verið að vinna markvisst í því, hefur lagast en við viljum gera betur.
4. Önnur mál.  
Hrönn sagði frá læsisátaki í Hafnarfirði og læsisstefnu sem Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er að vinna í.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið 9:20

Anna Kristín Jóhannesdóttir.